



Umhverfiskröfur í útboðsgögnum



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur.....	4
Bakgrunnur og markmið	4
Kröfur og leiðbeiningar um umhverfismál í útboðsgögnum í Svíþjóð, Noregi og Danmörku	5
Svíþjóð	5
Noregur:	6
Danmörk:.....	6
Lagalegar kröfur er varða umhverfismál hjá Vegagerðinni.....	7
Tafla 1; Lög sem tengjast umhverfismálum og geta átt við starfsemi Vegagerðarinnar (A deild Stjórnartíðinda)	7
Tafla 2; Reglugerðir sem tengjast umhverfismálum og geta átt við starfsemi Vegagerðarinnar (B deild Stjórnartíðinda)	8
Tafla 3 Reglur sem tengjast umhverfismálum og geta átt við starfsemi Vegagerðarinnar (Vinnueftirlitið).....	10
Tafla 4; Starfsleyfi (skv. rg. 785/1999 með síðari breytingum)	10
Tafla 5; Leiðbeiningar (Umhverfisstofnun).....	10
Yfirlit yfir helstu kröfur varðandi nokkra umhverfispætti.....	11
Eiturefni og hættuleg efni	11
Lög.....	11
Reglugerðir	11
Spilliefni	13
Lög.....	13
Reglugerðir	14
Fastur úrgangur.....	14
Lög.....	14
Reglugerðir	14
Olía.....	15
Lög.....	15
Reglugerðir	15
Loftmengun	18
Lög.....	18
Reglugerðir	18
Mat á umhverfisáhrifum.....	19
Lög.....	19
Reglugerðir	21
Fráveitur og skólp.....	23
Lög.....	23
Reglugerðir	23
Sprengiefni	24
Lög.....	24
Reglugerðir	24
Önnur lög og reglugerðir	25
Lög.....	25
Reglugerðir	26
Mat á birgjum og verktökum.....	27

Vinnuferli við mat á birgjum og verktökum.....	27
Hvaða kröfu gerir ISO 14001 umhverfisstjórnunarstaðalinn til birgjamats?	27
Flokkun birgja og verktaka	27
Spurningar til birgja og einkunnargjöf (viðmið)	28
Notkun niðurstaðna úr birgjamati.....	28
Samantekt.....	29
Lokaorð.....	30
Heimildir.....	31
Viðauki.....	31
Greining á lögum, reglugerðum og reglum	31

Inngangur

Bakgrunnur og markmið

Vegagerðin hefur í umhverfisstefnu sinni lagt áherslu á, að vegir verði eðlilegur hluti af umhverfinu og að við gerð þeirra verði áhrif á umhverfið sem minnst.

Liður í því er að skilgreina þær kröfur sem gerðar eru til umhverfismála í útboðsgögnum fyrir vega- og brúargerð. Í dag er við slíkar framkvæmdir stuðst við ritin "Alverk '95" og "Drög að leiðbeiningum og gátlistum um hönnun vega og brúa". Í þessum ritum er ekki fjallað um kröfur varðandi umhverfismál við vegarlagningu. Vísað er almennt til þess að verktakar uppfylli gildandi lög og reglugerðir. Hvergi er til samantekt yfir kröfur í viðkomandi reglugerðum og er það vissulega á ábyrgð verktaka að þekkja slíkar kröfur. Einnig er mikilvægt fyrir verkkaupa að þekkja kröfurnar og geta þannig haft eftirlit með verkinu. Eftirlitsaðilar hafa í fæstum tilfellum yfirsýn yfir kröfur sem opinberlega gilda á sviði umhverfismála.

Markmið þessa verkefnis var því að taka saman upplýsingar um lagalegar kröfur varðandi umhverfismál við vega- og brúargerð á Íslandi. Sömuleiðis að kanna hvernig staðið er að kröfugerð varðandi umhverfismál við vegarlagningu í nokkrum nágrannalöndum okkar og kynna vinnuferli við mat á birgjum og verktökum út frá frammistöðu þeirra í umhverfismálum.

Verkefnið var styrkt af Rannsóknarráði Vegagerðarinnar árið 2003 og var unnið af starfsmönnum Línuhönnunar verkfræðistofu; Ingibjörgu E. Björnsdóttur, umhverfis- og jarðfræðingi og Helgu J. Bjarnadóttur efna- og umhverfisverkfræðingi.

Upplýsingarnar sem fram koma í skýrslunni munu nýtast Vegagerðinni sem grunnur að kröfum eða leiðbeiningum fyrir einstaka verkefni eða almennt. Upplýsingarnar geta einnig nýst sem grunnur að gátlista við eftirlit með vegafamkvæmdum. Að auki nýtist yfirlitið yfir lög og reglugerðir beint inn í umhverfisstjórnunarkerfi Vegagerðarinnar.

Kröfur og leiðbeiningar um umhverfismál í útboðsgögnum í Svíþjóð, Noregi og Danmörku

Svíþjóð

Vegagerðin í Svíþjóð hefur látið útbúa sérstaka skýrslu sem gerir kröfur um gæðastjórnun hjá verktökum og í útboðsgögnum, Vägverkets regler för kvalitetssäkring av planerings-/projekteringsuppdrag och entreprenader (www.vagverket.se). Undir henni eru tvær aðrar skýrslur. Fyrsta skýrslan (Miljökrav vid upphandling av entreprenader) felur í sér leiðbeiningar um kröfur í umhverfismálum við gerð útboðsgagna. Önnur skýrslan (Trafiksäkerhetskrav vid upphandling av entreprenader) er um kröfur um umferðaröryggi við gerð útboðsgagna. Aðrar skýrslur (Övriga kravdokument) eru mismunandi eftir því um hvers konar framkvæmd er að ræða og fela í sér allar aðrar kröfur sem gerðar eru í útboðinu. Einnig er til skýrsla um eftirfylgni umhverfismála við vegagerð (Miljöuppföljning av vägprojekt).

Í skýrslu sem fjallar um leiðbeiningar um umhverfiskröfur í útboðsgögnum eru settar fram lágmarkskröfur sænsku Vegagerðarinnar í umhverfismálum. Þessar kröfur til starfsemi verktaka eru að mörgu leyti athyglisverðar þar sem gengið er lengra en aðeins að gera þá sjálfsögðu kröfu að uppfylla gildandi lög og reglugerðir. Í þessu samhengi er vísað bæði til tilskipana Evrópusambandsins og ýmissa staðla bæði evrópskra og bandarískra þegar evrópskir staðlar eru ekki fyrir hendi. Verða hér nokkrar kröfur nefndar sérstaklega.

Almennt er gerð sú krafa til verktaka um að þeir hafi virkt gæðakerfi. Allir starfsmenn verktaka sem vinna meira en 100 klst á ári fyrir sænsku vegagerðina þurfa að fara í gegnum sérstakt umhverfisnámskeið sem tekur einn dag og þarf að endurnýja menntunina á 5 ára fresti. Sænska vegagerðin hefur látið útbúa sérstök kennslugögn fyrir þetta námskeið.

Ef verktakar nota efni sem eru á svokölluðum OBS lista, - lista yfir eitrefni og hættuleg efni, þá þurfa þeir að láta framkvæma úttekt og greiningu á umhverfisáhrifum eiturefnanotkunarinnar. Einnig þurfa verktakar að leggja fram lista yfir öll hættuleg eða umhverfisskaðleg efni sem þeir ætla að nota og fá samþykki verkefnisstjórnar fyrir notkun þeirra a.m.k. tveim vikum áður en framkvæmdir hefjast.

Varðandi sorpmál skal verktaki fara eftir lögum viðkomandi sveitarfélags og hafa samráð við heilbrigðiseftirlit þar um. Þvottur og áfylling á vinnuvélum á að eiga sér stað á ákveðnu svæði. Skrá skal alla leka og hreinsa allan jarðveg sem mengast. Vegagerðin í Svíþjóð gerir einnig strangar kröfur varðandi ástand vinnuvéla og skoðun þeirra. T.d. eiga bensínknúnar vinnuvélar helst að vera svanamerktar þ.e. að uppfylla kröfur norræna umhverfismerkisins. Sænska vegagerðin hefur komið upp ákveðnu bónuskerfi þar sem verktakar fá bónus ef þeir nota umhverfisvænar vinnuvélar og

vörubíla. Ef verið er að nota þunga og gamla vörubíla sem menga mikið þarf verktakinn að borga sekt.

Hvað hávaða á framkvæmdatíma varðar, þá þurfa verktakar að sýna fram á, t.d. með mælingum að þeir séu að uppfylla lagalegar kröfur. Ef hljóðmælingar sýna að hávaði er yfir viðmiðunarmörkum skal verktaki láta Vegagerðina vita tafarlaust. Vegagerðin getur síðan stöðvað verkið sé það talið nauðsynlegt.

Sænska vegagerðin hefur einnig gert sérstakar leiðbeiningar varðandi umhverfiseftirlit á framkvæmdatíma (Miljöuppföljning av vägprojekt – publikation 1999:159) og er ljóst að eftirlit með umhverfismálum verktaka á framkvæmdatíma er meira í Svíþjóð en tíðkast hérlendis.

Noregur:

Í Noregi hafa ekki verið gefnar út neinar algildar reglur eða leiðbeiningar varðandi umhverfismál í útboðsgögnum. Vegagerðin í Noregi setur hins vegar sérstakar umhverfiskröfur í útboðsgögn eftir eðli hvers verkefnis fyrir sig og kröfurnar geta verið mjög mismunandi eftir því um hvers konar verkefni er að ræða hverju sinni (jarðvinna, jarðgöng, steipt brú).

Ekki fengust upplýsingar um það hvort að norska Vegagerðin gerir kröfur sem ganga lengra en kröfur í norskum lögum og reglugerðum en líklegt má teljast að Vegagerðin setji sjálf sérstakar kröfur varðandi umhverfismál í sín útboðsgögn.

Danmörk:

Danska vegagerðin gefur út sérstakar leiðbeiningar og vinnulýsingar fyrir útboðsgögn sem miðast við tegund framkvæmdar. T.d. eru sérstakar leiðbeiningar og vinnulýsingar fyrir vinnubúðir og vinnusvæði jarðvinnu og steiptar brýr.

Vinnugögnin skiptast niður í:

1. Leiðbeiningar
2. Almennar vinnulýsingar (AAB)
3. Sértækar vinnulýsingar (SAB-P, UKP-P, TAG-P, TBL-P).

Vegagerðin í Danmörku vísar til þess að farið sé eftir dönskum lögum og reglugerðum og í sumum tilfellum er einnig vísað í evrópskar tilskipanir. Vegagerðin hefur þar að auki sett eigin reglur og viðmið í umhverfismálum við gerð útboðsgagna. Í sumum tilvikum eru þessi viðmið strangari en löggjöf gerir ráð fyrir.

Lagalegar kröfur er varða umhverfismál hjá Vegagerðinni

Tekin var saman listi yfir þau lög, þær reglugerðir og aðrar kröfur er varða umhverfismál og eiga við vega- og brúarframkvæmdir á Íslandi, sjá töflur 1-5 hér fyrir aftan.

Tafla 1; Lög sem tengjast umhverfismálum og geta átt við starfsemi Vegagerðarinnar (A deild Stjórnartíðinda)

Lög nr.	Heiti	Breytingar
55/2003	Lög um meðhöndlun úrgangs	144/2003
91/2002	Lög um varnir gegn landbroti	
107/2001	Þjóðminjalög	
106/2000	Um mat á umhverfisáhrifum	
75/2000	Lög um brunavarnir	164/2002
44/1999	Lög um náttúruvernd	140/2001, 90/2002, 164/2002
7/1998	Um hollustuhætti og mengunarvarnir	59/1999, 87/2001, 98/2002, 164/2002
73/1997	Skipulags- og byggingarlög.	135/1997, 82/1998, 58/1999, 117/1999, 4/2000, 170/2000, 170/2000, 74/2001.
50/1996	Upplýsingalög	76/1997 (3. kafli þeirra laga), 83/2000
15/1994	Lög um dýravernd	73/1996, 82/1998, 90/2002, 164/2002
64/1994	Um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.	144/1995, 73/1996, 93/1996, 140/1996, 83/1997, 82/1998, 164/2002, 60/2003.
21/1993	Um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál	50/1996
52/1988	Um eiturefni og hættuleg efni	103/1988, 1/1992 (26. gr þeirra laga), 51/1993, 93/1995, 82/1998, 44/1999, 42/2001, 68/2002, 164/2002

Lög nr.	Heiti	Breytingar
32/1986	Um varnir gegn mengun sjávar	47/1990, 57/1995, 7/1996 (18. gr. þeirra laga) 61/1996, 82/1998, 44/1999, 164/2002
46/1980	Um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum	7/1996 (7. gr. þeirra laga), 52/1997, 83/1997 (34. gr. þeirra laga), 17/2003, 68/2003
17/1965	Lög um landgræðslu	54/1975, 42/1982, 10/1983, 108/1988, 73/1996, 83/1997.
3/1955	Um skógrækt	10/1983, 76/1984, 58/1989, 90/1991, 92/1991, 73/1996, 83/1997.

Tafla 2; Reglugerðir sem tengjast umhverfismálum og geta átt við starfsemi Vegagerðarinnar (B deild Stjórnartíðinda)

Reglug. nr.	Heiti	Breytingar
745/2003	Um styrk ósons við yfirborð jarðar	
737/2003	Um meðhöndlun úrgangs	
308/2003	Um gerð og búnað ökutækja.	749/2003
251/2002	Um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð, köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svífryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings.	288/2002
184/2002	Um skrá yfir spilliefni og annan úrgang	
784/2001	Um fljótandi eldsneyti	
671/2000	Um mat á umhverfisáhrifum.	
984/2000	Um flutning á hættulegum farmi	773/2001, 684/2002, 750/2003

Reglug. nr.	Heiti	Breytingar
946/1999	Um rafhlöður og rafgeyma með tilteknum hættulegum efnum	
933/1999	Um hávaða	
857/1999	Um bann við notkun tiltekinna eitrefna og hættulegra efna	623/2000, 483/2002
809/1999	Um olíuúrgang	
806/1999	Um spilliefni	169/2002
798/1999	Um fráveitur og skólp	
797/1999	Um varnir gegn mengun grunnvatns	
796/1999	Um varnir gegn mengun vatns	533/2001
788/1999	Um varnir gegn loftmengun af völdum hreyfanlegra uppsprettna	
787/1999	Um loftgæði	
786/1999	Um mengunarvarnareftirlit	850/2000, 49/2001
785/1999	Um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.	849/2000, 48/2001
684/1999	Reglugerð um sprengiefni	
521/1994	Um þvotta- og hreingerningæfni	
35/1994	Um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi	
236/1990	Um flokkun merkingu og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni	348/1990, 664/1997, 766/1997, 459/1998, 460/1998, 500/1998, 639/1998, 77/1999, 150/1999, 548/1999, 754/1999, 613/2000, 921/2000, 380/2001, 197/2002, 579/2002
137/1987	Um notkun og bann við notkun tiltekinna eitrefna og hættulegra efna	610/1987, 412/1997

Tafla 3 Reglur sem tengjast umhverfismálum og geta átt við starfsemi Vegagerðarinnar (Vinnueftirlitið)

Regla nr.	Heiti
602/1999	Reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum
707/1995	Reglur um öryggis- og heilbriðismerkingar á vinnustöðum

Tafla 4; Starfsleyfi (skv. rg. 785/1999 með síðari breytingum)

Starfsleyfi	Breytingar
Starfsleyfi verktaka	

Tafla 5; Leiðbeiningar (Umhverfisstofnun)

Leiðb.nr.	Heiti	Breytingar
2	Um olíuskiljur	
8	Um meðferð á olíumenguðum jarðvegi	
3	Um förgun blýrafgeyma	
-	Leiðbeiningar um rotþræt og siturlagnir. Meðferð skólps frá stökum húsum og litlum fráveitum utan þéttbýlis.	

Yfirlit yfir helstu kröfur varðandi nokkra umhverfispætti

Fyrir hver og ein lög og hverja reglugerð og reglu sem birt er í töflum 1, 2 og 3 hefur verið gerð greining á því, hvernig viðkomandi krafa á við hjá Vegagerðinni. Greiningin var gerð á þann hátt, að tekið var fram hvaða greinar eiga við, hverjir eru helstu efnispættir greinarinnar og hvernig efni greinarinnar tengist starfsemi á vegum Vegagerðarinnar. Í viðauka má sjá greiningu á öllum lögnum, reglugerðunum og reglunum. Úrdráttur úr þeim kröfum sem gerðar eru fyrir mismunandi umhverfispætti er tekinn saman hér á eftir.

Eiturefni og hættuleg efni

Eiturefni eru efni sem skráð eru á lista yfir eiturefni skv. lögum nr. 52/1988 svo og sérhver efnasamsetning og varningur er hefur að geyma slík efni í því formi og magni að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu á eitrunum í mönnum og dýrum. Eftir notkun verða eiturefni og hættuleg efni að spilliefnum og þarf að meðhöndla þau sem slík.

Lög

Lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni.

Um er að ræða rammalöggjöf um öll hættuleg efni. Markmið laganna er að eiturefni, og hættuleg efni séu notuð með gát og varúð þannig að hvorki hljótist af tjón á mönnum eða dýrum né matvæli eða umhverfi mengist af efnunum. Löggin kveða m.a. á um merkingar eiturefna og hættulegra efna, kaup, geymslu, notkun og förgun þeirra.

Hættuleg efni sem verktakar nota eru t.d. frostlögur, smurolía, ísvari og tjöruhreinsir. Listi yfir eiturefni og hættuleg efni er gefinn út í reglugerð nr. 236/1990. Í lögnum kemur fram að fyrirtæki skulu hlíta ákvæðum laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum varðandi varðveislu eiturefna. Eiturefni skal jafnan varðveita tryggilega í umbúðum seljanda eða ílátum merktum viðkomandi efnum.

Eiturefnum og hættulegum efnum skal farga þannig að mönnum og dýrum stafi ekki hættu af. Þetta á einnig við um umbúðir sem innihaldið hafa slík efni, einkum ef lögg eða filma af efnunum er ennþá í ílátunum. Hins vegar ef ílátin eru alveg tóm þá má setja þau í almennt sorp eða flokka sem málm ef um slíka flokkun er að ræða.

Reglugerðir

Reglugerð nr. 984/2000 um flutning á hættulegum farmi

Markmið reglugerðarinnar er að tryggja öryggi við flutninga á hættulegum efnum. Reglugerðin kveður m.a. á um umbúðir hættulegra efna við flutning og merkingu þeirra, flutningsskjöl með hættulegum varningi og merkingu ökutækja. Einnig er í reglugerðinni fjallað um starfsþjálfun bílstjóra (ADR

skírteini) sem flytja hættulegan varning. Fyrir flutning sprengiefna þarf ADR skírteini og sömuleiðis fyrir flutning á eldsneyti. Almennt eru verktakar við vega- og brúargerð ekki að flytja mjög mikið magn hættulegra efna. Leyfilegt er að flytja í stykkjatali minna magn en kemur fram í viðauka IX í reglugerðinni. Leyfilegt er að flytja í stykkjatali allt að 300 L af bensíni og 1000 L af díselolíu. Ef flutt er meira magn en það í einu þarf að fylgja ADR-reglum og ökumaður þarf að hafa ADR-skírteini. Athugið að löggin eru í endurskoðun.

Reglugerð nr. 946/1999 um rafhlöður og rafgeyma með tilteknum hættulegum efnum.

Markmið reglugerðarinnar er að takmarka notkun rafhlaðna og rafgeyma sem í eru tiltekin hættuleg efni sem talin eru upp í 3.gr. og að stuðla að endurvinnslu eða skipulegri förgun þeirra. Reglugerðin gildir um rafhlöður og rafgeyma hjá verktökum.

Verktakar mega ekki nota rafhlöður eða rafgeyma sem í eru meira en 0,0005% af kvikasilfri (Hg). Undanþegnar þessu banni eru hnapparafhlöður. Merkingar þurfa að vera skýrar á rafhlöðum og rafgeymum. Rafhlöðum og rafgeymum skal þannig fyrirkomið í tækjum og vörum að notendur eigi auðvelt með að fjarlægja þau.

Notaðar rafhlöður og rafgeymar, sem þessi reglugerð tekur til, flokkast sem spilliefni og fer um þau í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða. Notuðum rafhlöðum og rafgeymum skal komið til söfnunarstaða.

Reglugerð nr. 857/1999 um bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna.

Markmið reglugerðarinnar er að takmarka notkun tiltekinna efna. Í reglugerðinni eru m.a. listar yfir efni sem óheimilt er að nota.

Verktakar þurfa að athuga hvort að þeir eru að nota einhver eiturefni eða hættuleg efni sem reglugerðin tekur til svo sem krabbameinsvaldandi efni, klórefnasambönd eða efni sem flokkast sem eitur (T) eða sterkt eitur (Tx). Æskilegt er einnig að verktakar hafi í höndunum tæmandi lista yfir þau efni sem þeir eru að nota til þess að hægt sé að bera listann saman við efnalista í viðauka gildandi reglugerða. Dæmi um efni sem gætu flokkast sem hættuleg efni eru gul málning sem inniheldur kadmíum, tjöruhreinsir, viðarvörn eða ýmis leysiefni.

Reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna.

Markmið reglugerðarinnar er að tryggja rétta meðhöndlun þessara efna. Í fylgiskjali í reglugerðinni eru skráð eiturefni og hættuleg efni. Verktaki skal leitast við að varðveita eiturefni, hættuleg efni og vörur sem innihalda slík efni í upprunalegum umbúðum frá framleiðanda og á þann hátt, að ekki verði villst á þeim og umbúðum undir matvæli, fóðurvörur eða annan óskyldan varning. Gæta þarf að merkingu umbúða ef efnum sem teljast hættuleg efni er umhellt á nýjar umbúðir.

Eiturefni og hættuleg efni skal ætíð geyma á tryggan og öruggan hátt, þar sem börn ná ekki til og ekki nálægt matvælum, fóðurvörum, lyfjum eða öðrum slíkum vörutegundum. Einnig er rétt að benda á að afgangar efnanna verða spilliefni við förgun.

Spilliefni

Spilliefni eru eiturefni og hættuleg efni sem búið er að nota og þarf að skila sem úrgangi. Einnig teljast sem spilliefni eitruð eða hættuleg efni sem myndast við einhverja starfsemi svo sem eins og úrgangsolía.

Lög

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um er að ræða rammalöggjöf um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Markmið laganna er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengduðu umhverfi.

Lögin taka til hvers konar starfsemi og framkvæmda sem getur valdið mengun umhverfis. Í lögunum kemur fram að allir verktakar þurfa að hafa starfsleyfi, og að heilbrigðisnefnd gefur út starfsleyfi fyrir verktaka. Einnig þurfa verktakar að hafa samráð við heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefndir. Mengunarslys skal tilkynna til heilbrigðisfulltrúa.

Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Markmið laganna er að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Lögin gilda um alla starfsemi þar sem menn vinna. Í lögunum kemur fram að atvinnurekandi skal tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Þetta ákvæði gildir um vinnubúðir og framkvæmdasvæði.

Verktaki skal gera starfsmönnum sínum ljósa slysa- og sjúkdómshættu, sem kann að vera bundin við starf þeirra. Einnig skal verktaki sjá um að starfsmenn fái nauðsynlega kennslu og þjálfun. Verktaki skal einnig fara eftir fyrirmælum Vinnueftirlits. Í lögunum eru ýmis ákvæði um skyldur starfsmanna og verktaka. Verktakar eiga að gæta fyllsta öryggis, aðbúnaðar og hollustuhátta. Skrá og skoða skal tæki og vélar. Öryggisblöð fyrir hættuleg efni þurfa að liggja fyrir á íslensku. Verktakar skulu gæta þess að geyma spilliefni á öruggan hátt.

Verktaki þarf að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Áhættumat skal fara fram og gera skal áætlun um heilsuvernd. Verktakar þurfa síðan að gefa Vinnueftirliti allar nauðsynlegar upplýsingar. Samkvæmt lögunum eru verktakar ábyrgir fyrir því að öryggisbúnaður sé í lagi. Verktakar þurfa einnig að hafa gilt starfsleyfi skv. lögum nr. 46/1980 og einnig skv. lögum nr. 7/1998.

Reglugerðir

Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.

Markmið reglugerðarinnar er að tryggja rétta meðhöndlun spilliefna þannig að þau valdi ekki mengun. Í reglugerðinni eru spilliefni skilgreind og kveðið á um meðhöndlun, flokkun og flutning spilliefna. Reglugerðin á við um öll spilliefni sem falla til við starfsemi verktaka.

Verktaki skal flytja spilliefni til söfnunar- og móttökustöðvar sem hefur fengið starfsleyfi til að meðhöndla spilliefni. Spilliefnum má ekki blanda saman við annan úrgang og einstökum tegundum spilliefna skal haldið aðgreindum. Spilliefni skulu geymd þannig, að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr.

Verktakar sem stunda starfsemi þar sem spilliefni myndast, skulu halda skrá um magn og gerð efnanna og tilgreina til hvaða söfnunar- og/eða móttökustöðvar þau eru flutt og af hverjum. Upplýsingar um flokka og magn spilliefna í spilliefnakeri þurfa að fylgja farmi ef spilliefni eru flutt milli staða.

Reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Um er að ræða skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Skráin er ekki tæmandi og verður endurskoðuð reglulega.

Fastur úrgangur

Lög

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs

Allur úrgangur skal færður til meðhöndlunar í söfnunar- eða móttökustöð. Óheimilt er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu. Opin brennsla úrgangs er óheimil.

Reglugerðir

Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs

Reglugerðin gildir almennt um alla meðhöndlun úrgangs en hún fjallar ekki um förgun hans þar eð þar gilda reglugerðir um urðun úrgangs og brennslu úrgangs.

Heilbrigðisnefndir hafa eftirlit með meðhöndlun á úrgangi. Þær veita einnig starfsleyfi fyrir starfsemi þar sem úrgangur er meðhöndlaður. Það er hins vegar í verkahring hvernar sveitarstjórnar að sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn getur sett skilyrði um meðferð úrgangs hjá verktökum.

Verktakar skulu draga eins og unnt er úr myndun úrgangs. Stefnt skal að endurnotkun og endurnýtingu hans svo sem kostur er. Verktaki skal færa

allan úrgang til meðhöndlunar í söfnunar- og móttökustöð. Meðferð úrgangs skal vera með þeim hætti að óþrifnaður og óþægindi stafi ekki af.

Bannað er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti.

Ekki má brenna úrgang. Hafi úrgangur dreifst eða sé meðferð úrgangs ábótavant að öðru leyti getur heilbrigðisnefnd krafist þess að viðkomandi aðili hreinsi upp og geri viðeigandi ráðstafanir.

Verktaki skal ávallt leita leiða til að endurnota eða endurnýta úrgang. Þann hluta sem úrgangshafi nýtir ekki sjálfur skal flytja til söfnunar- eða móttökustöðva sem hafa starfsleyfi.

Úrgangi sem fellur til við atvinnurekstur skal safna saman og flytja brott þegar í stað eða geyma með þeim hætti að óhollusta eða óþrifnaður stafi ekki af. Úrgang skal geyma í hentugum sorpílátum.

Verktakar þurfa starfsleyfi m.a. vegna meðhöndlunar úrgangs. Í starfsleyfinu skulu vera ákvæði sem miða að því að vernda umhverfi og heilsu manna. Miða skal ákvæði við aðstæður á viðkomandi stað.

Olía

Lög

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni

Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Lög nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar

Markmið laganna er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun sem stafar frá skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum á sjó og frá landstöðvum af völdum olíu og annarra efna.

Lögin eiga við um starfsemi verktaka sem geta haft með starfsemi sinni í för með sér mengun sjávar af völdum olíu t.d. við brúargerð. Olíublandað vatn sem leiðir af eðlilegum rekstri má eingöngu losa í sjó sé olíumagn blöndunnar við útrás ekki meira en 15 hlutar í 1.000.000 hlutum blöndunnar (þ.e. 15 ppm). Ef meira en 500 lítrar af olíuúrgangi falla til hjá verktökum þá þarf að halda sérstakt bókhald um söfnun og afhendingu olíuúrgangs til móttakenda og skulu starfsmenn Umhverfisstofnunar hafa aðgang að þessu bókhaldi. Æskilegt er að verktakar hafi til taks neyðaráætlun sem gripið er til ef mikið magn af olíu fer í niðurföll eða út í sjó.

Reglugerðir

Reglugerð nr. 784/2001 um fljótandi eldsneyti.

Markmið reglugerðarinnar er að draga úr hugsanlegum skaðlegum áhrifum eldsneytis, sem notað er á ökutæki, fyrir iðnað, vélar og tæki.

Frá 1.janúar 2008 má ekki nota gasolíu með meiri brennisteini en 0,1% á svæðum þar sem hættu er á að loftgæði með tilliti til brennisteins fari yfir umhverfismörk. Frá 1.janúar 2013 má ekki nota gasolíu með meiri brennisteini en 0,1%.

Reglugerð nr. 984/2000 um flutning á hættulegum farmi.

Markmið reglugerðarinnar er að tryggja öryggi við flutninga á hættulegum efnum svosem olíu. Yfirleitt eru verktakar ekki að flytja mjög mikið magn efna. Verktakar sem flytja olíu þurfa samt sem áður að framvísa farmbréfi, umbúðir þurfa að vera rétt merktar og í lagi, slökkvitæki þarf að fylgja farminum auk vottorðs sendanda.

Við flutning á olíu í meira magni en 1000L í einu, skal fara eftir ADR-reglunum. Sendandi ber ábyrgð á því að umbúðir séu fullnægjandi og rétt merktar. Ökutæki sem er að flytja olíu skal hafa ferhyrnt appelsínugult merki sem er með Sameinuðu Þjóða númeri vörunnar og viðeigandi hættunúmeri. Allt skal merkt í samræmi við ADR-reglur. Ökumaður sem flytur olíu eða annan hættulegan farm í meira magni en 1000L skal hafa ADR skírteini.

Reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang.

Markmið reglugerðarinnar er að tryggja rétta meðhöndlun olíuúrgangs og skráningu. Reglugerðin gildir um starfsemi verktaka þar sem olíuúrgangur fellur til.

Verktakar skulu draga eins og unnt er úr myndun olíuúrgangs. Stuðla ber að endurmyndun úrgangsins þ.e. aðgerðum til að hreinsa olíuúrganginn svo hann eða hluti hans komist í svipað form og hann var upphaflega. Einnig ber að stuðla að endurnýtingu olíuúrgangsins.

Bannað er að losa olíuúrgang í yfirborðsvatn, grunnvatn, í sjó eða í fráveitu, svo og í jarðveg.

Olíufélögin eiga að taka við olíuúrgangi. Að öðru leyti skal flytja olíuúrgang til söfnunarstöðva eða móttökustöðva sem hafa fengið starfsleyfi. Verktökum er skylt að geyma olíuúrgang á viðeigandi hátt og þeim ber að skila honum til viðurkenndra söfnunar- eða móttökustöðvar. Ef meira en 400 lítrar af olíuúrgangi safnaðst á ári hjá verktökum skulu þeir halda dagbók yfir ýmis atriði er varða úrgangsolíu, geymslu og förgun. Við meðhöndlun olíuúrgangs skal vernda umhverfið og heilsu manna. Verktökum er skylt að sjá til þess að olíuskiljur og annar búnaður sem fangar olíu sé í góðu lagi. Í reglugerðinni er að lokum ítrekað að verktakar sem sjá um einstaka þætti meðhöndlunar olíuúrgangs þurfa starfsleyfi.

Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns

Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir og draga úr mengun grunnvatns og umhverfis þess af mannavöldum. Í reglugerðinni kemur fram, að mengun vatns er óheimil og að verktakar þurf að fara eftir ákvæðum starfsleyfa og skilyrðum sem Umhverfisstofnun setur og miða að því að draga úr eða hindra losun efna eins og t.d. olíu í grunnvatn.

Í ákvæðum starfsleyfa skulu allar viðeigandi ráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir grunnvatnsmengun. Verktaki skal leitast við að nota þau efni sem skaða umhverfið sem minnst.

Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis þess af mannavöldum. Í reglugerðinni kemur fram að mengun vatns er óheimil. Öll losun mengandi efna og skólps í vatn er ennfremur óheimil án starfsleyfis. Verktaki skal leitast við að nota þau efni sem skaða umhverfið sem minnst.

Reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Reglugerðin kveður á um hvernig gengið skuli frá mannvirkjum þar sem olía er geymd. Hér verður aðeins fjallað um geyma sem eru minni en 4000L. Reglugerðin gildir m.a. um neyslugeyma (neyslugeymir er geymir sem einn eða fleiri notendur hafa aðgang að og er ekki í tengslum við olíubirgða- eða bensínstöð), olúkálfa (færanlegur olíugeymir (< 1200 lítrar) sem hægt er að hengja aftan í bíl líkt og kerru) og geyma fyrir úrgangsolíu.

Verktökum er óheimilt að staðsetja olíugeyma eða olúkálfa þar sem líkur eru taldar á að náttúruhamfarir geti valdið því að geymarnir valdi spjöllum á grunnvatni, landi eða mannvirkjum. Vegna mengunarhættu skal flokka svæði þar sem olía er meðhöndluð í 3 flokka eftir því hversu svæðið er viðkvæmt fyrir mengun.

Skriflegt leyfi þarf frá byggingarfulltrúa áður en olíugeymar, þar sem olía í einhverju magni (magn ekki skilgreint í rg.) er geymd eru teknir í notkun. Rekstaraðili sem getur verið eigandi geymis eða leigutaki ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi olíugeymis og hann verður að gæta að þéttleika og halla jarðvegs þar sem olúkálfur eða olíugeymir er staðsettur. Nýir olíugeymar og þeir sem nú eru í notkun skulu skráðir hjá eiganda. Tilteknar upplýsingar skulu koma fram í skráningunni. Auk þess skal geymirinn merktur með tilteknum upplýsingum. Við fyllingu geyma sem eru minni en 10.000L skal nota búnað sem gefur frá sér viðvörn áður en geymir yfiryllist. Utan um olíugeyma skal vera olíuheld lekavörn ef svæði eru viðkvæm fyrir mengun, sjá flokkun þar um. Ýmis ákvæði eru um tæringar- og lekavarnir olíugeyma. Einnig eru ýmis ákvæði um lagnir fyrir olíugeyma. Ofanjarðargeymar eða kálfar skulu staðsettir þannig að þeir verði ekki fyrir hnjaski frá farartækjum.

Sækja þar um leyfi fyrir neyslugeymum og frágangi þeirra. Ganga skal þannig frá úrgangsolíugeymum að auðvelt sé að losa í þá olíu og auðvelt að tæma þá. Ef mengunaróhapp á sér stað, skal tilkynna slíkt óhapp til eftirlitsaðila og til slökkviliðs.

Loftmengun

Lög

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Reglugerðir

Reglugerð nr. 745/2003 um styrk ósons við yfirborð jarðar

Markmið reglugerðarinnar er að fyrirbyggja eða draga úr skaðlegum áhrifum á heilbrigði manna, gróður, vistkerfi og umhverfið í heild sinni, með því að setja inn gróðurverndarmörk, heilsuverndarmörk og viðvörunarmörk fyrir styrk ósons við yfirborð jarðar.

Í ákvæðum starfsleyfa skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að hamla gegn loftmengun af völdum ósons. Athuga þarf að loftmengun frá bifreiðum, vélum og tækjum verktaka getur stuðlað að myndun ósons í andrúmsloftinu.

Reglugerð nr. 251/2002 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð, köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings.

Markmið reglugerðarinnar er að tryggja viðunandi og samræmdar mælingar á styrk þessara efna í andrúmslofti. Einnig er markmið reglugerðarinnar að setja umhverfismörk, gróðurverndarmörk, heilsuverndarmörk og viðmiðunarmörk fyrir efnin og að viðhalda gæðum andrúmslofts.

Í starfsleyfum skulu viðeigandi ráðstafanir gerðar til þess að hamla gegn loftmengun af völdum brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisoxíða, bensen, kolsýrlings, svifryks og blýs og beita skal til þess bestu fánlegu tækni. Hjá verktökum er helst um að ræða losun þessara efna frá bifreiðum, flutningabílum, vélum og tækjum.

Umhverfisstofnun getur gert strangari kröfur til verktaka en reglugerð þessi segir til um ef loftmengun á tilteknu svæði t.d. framkvæmdasvæði er sérstaklega mikil.

Reglugerð nr. 788/1999 um varnir gegn loftmengun af völdum hreyfanlegra uppsprettna.

Markmið reglugerðarinnar er að draga úr loftmengun af völdum hreyfanlegra uppsprettna, einkum af völdum vélknúinna ökutækja. Reglugerðin á við um útblástur frá ökutækjum og bifreiðum verktaka.

Verktaki skal halda loftmengun af völdum hreyfanlegra uppsprettna svosem bíla í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómenguðu lofti.

Verktakar skulu sjá til þess að vélbúnaði sé haldið við og hann stilltur á þann hátt að ekki valdi óþarfa reyk- eða sótmyndun.

Óheimilt er að skilja ökutæki eftir í gangi þegar þau eru yfirgefin. Jafnframt er óheimilt að láta vélar kyrrstæðra ökutækja ganga lengur en í örstutta stund nema sérstaklega standi á.

Reglugerð nr. 308/2003 um gerð og búnað ökutækja.

Gerðar eru ýmsar kröfur til hámarksefna í útblæstri og leyfilegan hávaða frá bifreiðum, sendibifreiðum og vörubifreiðum. Einnig eru kröfur til útblásturs frá vinnuvélum sem ekið geta á opinberum vegum.

Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði.

Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum loftmengunar á heilsu manna og umhverfið.

Halda skal loftmengun í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómenguðu lofti. Í starfsleyfi skal gera ráðstafanir til þess að hamla gegn loftmengun.

Heilbrigðisnefnd getur takmarkað umferð og aðra starfsemi á ákveðnum svæðum um skemmri tíma fari mengun verulega yfir gildandi umhverfismörk. Heilbrigðisnefnd getur þannig stöðvað atvinnurekstur. Á svæðum þar sem styrkur er undir viðmiðunarmörkum skal leitast við að varðveita eftir föngum loftgæði sem samrýmast sjálfbærri þróun.

Mat á umhverfisáhrifum

Í raun má segja að nánast allar reglugerðir sem teknar hafa verið fyrir í þessari skýrslu eigi við um mat á umhverfisáhrifum og þá sérstaklega starfsemi verktaka á framkvæmdatíma eða umhverfisáhrif á framkvæmdatíma sem geta verið mjög víðfeðm. Hér á eftir eru þó talin upp helstu lög og reglugerðir sem eiga við í þessu sambandi.

Lög

Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum

Markmið laganna er að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar.

Lögin eiga einnig að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða.

Að lokum á að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmdar sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Lögin gilda um nýjar stofnbrautir í þéttbýli svo og vegakafla sem eru lengri en 10 km. Einnig um allar framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Vegagerðin þarf að gera matsáætlun og matsskýrslu fyrir ofanefndar framkvæmdir.

Ágreiningi um framkvæmd laganna má skjóta til úrskurðar umhverfisráðherra.

Lög nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar

Lög nr. 15/1994 um dýravernd

Lögin taka til allra dýra. Skytt er að fara vel með öll dýr. Óheimilt er að hrekkja dýr eða meiða. Þetta á við um vinnu verktaka t.d. á varptíma. Ökumönnum og þeim er stjórna vélum og tækjum ber að sýna dýrum fyllstu

tillitssemi. Ef keyrt er á dýr þarf að gera lögreglu eða dýralækni viðvart eins fljótt og unnt er.

Lög nr. 91/2002 um varnir gegn landbroti

Markmið laganna er að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot og annað tjón á landi, landkostum eða mannvirkjum með fyrirhleðslum gegn ágangi vatna.

Landgræðslan skal meta hvar þörf er á fyrirhleðslum til að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot sem ógnar eða veldur tjóni á landi eða mannvirkjum. Landgræðslan er skyldug til þess að hafa samráð við Vegagerðina. Vegagerðin er síðan skyldug til þess að hafa umsjón með verkfræðilegum undirbúningi og framkvæmdum.

Lög nr. 17/1965 um landgræðslu

Markmið laganna er að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs og græða upp eydd og vangróin lönd.

Verktakar verða að hafa í huga að land skal nytja svo að eigi valdi rýrnun eða eyðingu landkosta. Sá, sem landspjöllum veldur með mannvirkjagerð eða á annan hátt, er skyldur til að bæta þau.

Landgræðslan hefur eftirlitsskyldu gagnvart verktökum og framkvæmdum Vegagerðarinnar. Landgræðslan skal fylgjast með því, að landspjöll séu eigi unnin að óþörfu.

Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd

Markmið laganna er að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Löggin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt.

Löggin gilda um allar framkvæmdir á vegum Vegagerðarinnar. Verktökum er skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði eki spillt. Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Meiri háttar framkvæmdir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum.

Verktakar skulu vera meðvitaðir um að eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

- a. Eldvörp, gervigígar og eldhraun.
- b. Stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri.
- c. Mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri.
- d. Fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri.
- e. Sjávarfitjar og leirur.

Verktakar skulu ekki að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrisrifi eða á annan hátt.

Við upphaf efnistöku skal ganga frá gróðri og efsta hluta jarðvegs námasvæðis á þann hátt að auðvelt verði að jafna honum aftur yfir efnistökusvæði. Að loknum vinnslutíma skal ganga snyrtilega frá efnistökusvæði þannig að sem best falli að umhverfi.

Verktakar mega ekki undir neinum kringumstæðum spilla friðlýstum náttúruminum.

Lög nr. 107/2001 Þjóðminjalög

Markmið þjóðminjalaga er að stuðla að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Verktakar skulu hafa í huga, að fornleifum má enginn spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Ef verktaki finnur forngrip sem liggur eða legið hefur í jörðu skal verktaki tilkynna Fornleifavernd ríkisins fundinn svo fljótt sem við verður komið. Verktaki skal ekki hagga við fundinum nema nauðsynlegt sé.

Lög nr. 3/1955 um skógrækt

Markmið laganna er að vernda, friða og rækta skóga og skógarleifar, sem eru í landinu. Í skógum má ekki rjóðurfella nema því aðeins að sá sem heggur skuldbindi sig til þess að breyta landinu í tún eða græða upp skóg að nýju á öðru jafnstóru svæði og hafa byrjað á því innan tveggja ára. Verktakar skulu ekki raska skóglendi að óþörfu.

Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Markmið laganna er að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna, skipulag á veiðum og annarri nýtingu dýra.

Verktakar skulu gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og lífsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun.

Reglugerðir

Reglugerð nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Markmið reglugerðarinnar er að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar.

Verktakar skulu fara eftir þeim loforðum sem gefin hafa verið í matsskýrslu og fara eftir úrskurði Skipulagsstofnunar eða úrskurði umhverfisráðherra. Eftirlit með verktökum er í höndum leyfisveitenda.

Reglugerð nr. 933/1999 um hávaða

Markmið reglugerðarinnar er að draga úr og koma í veg fyrir hávaða. Verktaki skal veita heilbrigðisnefnd allar upplýsingar um hávaða. Hávaði skal vera undir þeim viðmiðunarmörkum sem fram koma í viðauka reglugerðarinnar, nema undanþága heilbrigðisnefndar liggja fyrir.

Forráðamönnum verktaka er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða.

Eigendur vélknúinna ökutækja skulu sjá svo um að farartæki þeirra valdi ekki óþarfa hávaða.

Við allar framkvæmdir skal þess sérstaklega gætt að ekki verði óþægindi af völdum hávaða.

Heilbrigðisnefnd getur takmarkað starfsemi t.d. að kvöldlagi eða um nætur til að halda hávaða í skefjum.

Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns

Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns

Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði

Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs

Reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang

Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni

Reglugerð nr. 857/1999 um bann við notkun tiltekinna eitrefna og hættulegra efna.

Reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang

Reglugerð nr. 251/2002 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð, köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings.

Reglugerð nr. 788/1999 um varnir gegn loftmengun af völdum hreyfanlegra uppsprettna

Reglugerð nr. 684/1999 um sprengiefni

Reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi

Fráveitur og skólp

Lög

Lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni.

Öll losun þessara efna (spilliefna) í fráveituvatn er óheimil.

Lög nr. 7/1988 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Lög nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar

Reglugerðir

Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp

Markmið reglugerðarinnar er m.a. að koma á samræmdri og kerfisbundinni söfnun, meðhöndlun og hreinsun skólps frá íbúabyggð, svo og hreinsun skólps frá tilteknum atvinnurekstri.

Reglugerðin gildir um söfnun, hreinsun og losun skólps frá tiltekinni atvinnustarfsemi.

Þegar skólp, önnur fljótandi óhreinindi eða yfirborðsvatn er leitt brott, sem og við hvers konar hreinsun fráveituvatns, skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengun eða óhollustu. Þetta þýðir að verktakar þurfa að koma fyrir rotþró á frárennsli eða setja upp aðra viðeigandi hreinsun á frárennsli og fá þarf leyfi heilbrigðisnefndar fyrir þeim búnaði sem notaður er til meðhöndlunar, hreinsunar og losunar skólps.

Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns

Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns

Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni

Reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang

Sprengiefni

Lög

Vopnalög nr. 16/1998.

IV.kafli laganna fjallar um sprengiefni. Þar kemur fram, að enginn má kaupa sprengiefni nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Eigandi sprengiefnis skal ábyrjast vörslur þess og sjá um að óviðkomandi nái ekki til þess.

Sá einn má fara með sprengiefni og annast sprengingar sem fengið hefur til þess leyfi lögreglustjóra. Sá sem fer með og notar sprengiefni skal ætíð gæta fyllstu varúðar. Sprengiefni skal geyma í sérstakri sprengiefnageymslu.

Reglugerðir

Reglugerð nr. 684/1999 um sprengiefni.

Reglugerðin gildir um framleiðslu, geymslu og flutning sprengiefni, svo og um kaup, notkun, förgun, verslun og inn- og útflutning sprengiefnis.

Sprengiefnageymsla verktaka skal þannig gerð, innréttuð og staðsett, að ekki skapist sérstök hættu á bruna eða sprengingu og að tryggt sé að sprengiefni komist ekki í hendur óviðkomandi. Sprengiefni skal ávallt geymt í viðurkenndri sprengiefnageymslu. Laust sprengiefni skal tafarlaust flutt í viðurkennda geymslu, t.d. ef hlé verður á framkvæmdum á vinnusvæði. Sprengiefnakistur skal geyma í sprengiefnageymslu eða innanhúss í rammlega læstu rými sem óviðkomandi hafa ekki aðgang að.

Sprengiefnageymslur skulu ávallt rammlega læstar þegar ekki er verið að ganga um þær.

Reykingar, meðferð opins elds og radíósenda í sprengiefnageymslum og í grennd við þær er bönnuð.

Við geymslu eða aðra meðhöndlun skal sprengiefni vera í upprunalegum umbúðum frá framleiðanda eða búið um það á annan jafntryggan hátt í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Sérstök ákvæði gilda um sprengiefnageymslur svosem varðandi það að sprengiefnageymslur skuli vera rammlega girtar af og að traust læsing skuli vera á girðingu. Verktakar skulu fara eftir þessum ákvæðum.

Sprengiefni skal geyma í öruggri fjarlægð frá híbýlum manna og frá stöðum þar sem gera má ráð fyrir að fólk dveljist eða komi saman og frá mannvirkjum, umferðargötum og þjóðvegum.

Verktaki skal færa nákvæmt birgðabókhald yfir sprengiefni. Ef verktakar eru að flytja sprengiefni þurfa þeir að fara eftir ákvæðum í VII. kafla reglugerðarinnar.

Verktakar verða að gæta þess að enginn má fara með sprengiefni og annast sprengivinnu nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra samkvæmt 1. mgr. 27.gr. vopnalaga. Sprengivinna skal ávallt vera undir stjórn og á ábyrgð sprengistjóra.

Verktaki verður að gæta þess að sprengiefni og hvellhettur sem teknar hafa verið úr geymslu til notkunar skulu ávallt vera undir eftirliti og þannig fyrir komið að óviðkomandi hafi ekki aðgang að.

Sprengistjóri skal fyrir skot gera ráðstafanir sem tryggja að enginn dveljist á eða ferðist um það svæði umhverfis sprengistað, þar sem ætla má að hættu

skapist. Setja skal upp merkingar sem vara við hættu sé slíkt nauðsynlegt til að koma boðum til óviðkomandi. Skömmu fyrir skot skal gefið hljóðmerki til merkis um að skot sé yfirvofandi.

Önnur lög og reglugerðir

Lög

Upplýsingalög nr. 50/1996

Almenningur hefur rétt til þess að fá aðgang að gögnum sem varða tiltekin mál. Um getur verið að ræða upplýsingar er varða ákveðna framkvæmd. Líklegt er þá að almenningur leiti beint til Vegagerðarinnar sem gæti síðan þurft að leita frekari upplýsinga hjá verktökum. Bréfaskipti milli Vegagerðarinnar og verktaka gætu líka skoðast sem opinber gögn ef þau hafa að geyma endanlega ákvörðun um afgreiðslu máls eða upplýsingar sem ekki verður aflað annars staðar frá.

Lög nr. 21/1993 um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál

Markmið laganna er að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál hjá stjórnvöldum og að þau annist miðlun upplýsinga um umhverfismál til almennings.

Almenningur hefur rétt til þess að fá upplýsingar um umhverfismál m.a. hjá sveitarfélögum og Vegagerðinni. Þá er átt við upplýsingar sem varða umhverfi og náttúruauðlindir. Enn fremur er átt við upplýsingar um starfsemi eða ráðstafanir sem hafa, eða líklegt er að hafi, óæskileg áhrif á fyrrgreind atriði. Senda þarf skriflega beiðni til viðkomandi stjórnvalds þar sem greint er með skýrum hætti hvaða upplýsinga óskað er eftir. Vegagerðin gæti í sumum tilvikum þurft að leita til verktaka til þess að láta í té upplýsingar. Vegagerðin og verktakar geta í einstaka tilvikum neitað að láta í té upplýsingar ef mikilvægir viðskiptahagsmunir stjórnvalda, einstaklinga og fyrirtækja er í húfi.

Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997

Markmið laganna er að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir.

Bygging mannvirkja og aðrar framkvæmdir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Meiri háttar framkvæmdir, sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum. Verktaki skal taka tillit til skipulagsáætlana.

Lög um brunavarnir nr. 75/2000

Markmið laga um brunavarnir, er að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnareftirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi.

Verktakar skulu tilkynna mengunaróhöpp eða bruna strax til slökkviliðs. Slökkviliðsstjóri skal tilkynna án tafar mengunaróhöpp til heilbrigðiseftirlits. Mengunaróhapp á sér stað þegar eiturefni eða önnur efni berast, eða kunna að berast, í umhverfið og tafarlaus upphreinsun eða önnur tafarlaus úrræði

eru nauðsynleg vegna hættu á tjóni á heilsu fólks, umhverfi og eignum. Verktakar skulu heimila aðgang slökkviliðsmanna sbr. neyðaráætlun. Æskilegt er að verktaki hafi til staðar neyðaráætlun ef bruni eða mengunaróhapp á sér stað.

Verktakar skulu fara þannig með eld, eldfim efni og önnur hættuleg efni að sem allra minnst hættu sé að því að eldsvoði eða tjón af völdum mengunar geti af því hlotist.

Verktaki skal gæta eldvarna almennt og hann ber ábyrgð á að brunavarnir séu virkar á vinnusvæðum og reglubundið eftirlit sé með þeim.

Reglugerðir

Reglugerð nr. 308/2003 um gerð og búnað ökutækja

Reglugerðin á við um ökutæki verktaka. Í reglugerðinni eru m.a. ákvæði varðandi útblástursloft og hávaða frá ökutækjum.

Gæta skal þess að leki olíu frá aflrás sé í lágmarki. Frá útblásturskerfi má ekki stafa ónauðsynlegur og óþægilegur hávaði. Frá hreyfli ökutækis má ekki stafa ónauðsynlegur reykur. Leki olíu eða kælivatns frá hreyfli skal vera í lágmarki.

Óheimilt er að fjarlægja búnað sem er til að draga úr útblástursmengun. Skemmist slíkur búnaður eða dragi verulega úr virkni hans skal þegar endurnýja hann.

Ýmis önnur ákvæði eru í reglugerðinni er varða útblástur frá vélum og tækjum.

Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir og draga úr mengun af völdum atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun.

Í reglugerðinni kemur fram (7 gr.), að allur atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, skal hafa gilt starfsleyfi. Óheimilt er að hefja starfsleyfisskyldan atvinnurekstur án þess að starfsleyfi hafi verið gefið út. Verktakar geta í sumum tilfellum fengið starfsleyfi án ítarlegrar starfsleyfisgerðar. Verktakar þurfa þannig að sækja um starfsleyfi. Verktakar þurfa að gæta þess að láta endurskoða starfsleyfi á 4 ára fresti. Verktakar geta kært ákvarðanir um útgáfu starfsleyfis.

Reglugerð nr. 521/1994 um þvotta- og hreingerningarefni.

Öll þvotta- og hreingerningarefni á Íslandi skulu vera þannig að lífrænt niðurbrot yfirborðsvirkra efna þeirra sé að meðaltali meira en 90%.

Þvottaefni geta þó í sumum tilvikum innihaldið efni sem falla undir ákvæði reglugerðar nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.

Mat á birgjum og verktökum

Vinnuferli við mat á birgjum og verktökum

Fyrirtæki sem viðhafa virka umhverfisstjórnun meta gjarnan birgja og verktaka með tilliti til umhverfismála. Við mat á birgjum og verktökum þarf að skilgreina eftirfarandi þætti:

- Hvaða birgja/verktaka skal meta? Flokka þarf birgja og verktaka eftir mikilvægi m.t.t. umhverfismála. Hvernig skal sú flokkun fara fram?
- Það þarf að skilgreina spurningar sem lagðar eru fyrir birgja/verktaka til að meta þá m.t.t. umhverfismála.
- Útbúa þarf viðmið fyrir matið á birgjum/verktökum skv. spurningalista, - hvernig á að skilgreina frammistöðu þeirra út frá svörum við spurningalista?
- Hvernig á að nota niðurstöður birgjamats við val á birgjum/verktökum? Hversu mikið vægi á umhverfisleg frammistaða viðkomandi birgis/verktaka að vera við val á birgjum. Þetta þarf að skoðast í samhengi við vægi annarra hefðbundinna matsþátta við val á birgjum/verktökum.

Hér á eftir verður sagt frá því hvernig taka má á nokkrum af ofangreindum atriðum í vinnuferli við mat á birgjum og undirverktökum.

Vinnuferlinu sem notað er við birgjamat og sömuleiðis mat á verktökum skal lýst í verklagsreglu eða vinnulýsingu í gæða- eða umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækisins.

Ef gæðakerfi sem byggt er upp skv. ISO 9000 stöðlunum er til staðar er vinnuferli til að meta birgja til staðar og ætti þá umhverfislegt mat að vera hluti þess mats.

Hvaða kröfu gerir ISO 14001 umhverfisstjórnunarstaðalinn til birgjamats?

Í grein 4.4.6 c) lið í ISO 14001 rekstrarstýring er fjallað um ...”að veita birgjum og verktökum upplýsingar um viðkomandi verklagsreglur og kröfur”. Þetta þýðir í raun, að vottuðu fyrirtæki skv. ISO 14001 staðlinum er skylt að veita upplýsingar um umhverfisstjórnunarkerfi sitt þ.e. senda umhverfisstefnuna og markmið í umhverfismálum til birgja og verktaka. Einnig, ef fyrirtækið hefur skilgreint kröfur til birgja, þá þarf það að veita upplýsingar um þær og velja birgja út frá kröfunum.

Flokkun birgja og verktaka

Birgjar og verktakar eru gjarnan flokkaðir eftir því hversu mikil hugsanleg áhrif þeirra eru á umhverfið og mismunandi kröfur eru gerðar til þeirra eftir því hversu mikil hugsanleg umhverfisáhrif þeirra kunna að vera vegna vinnu fyrir viðkomandi fyrirtæki. Þannig mætti flokka birgja í A/B eða C birgja m.t.t. mikilvægis þeirra varðandi umhverfismál Vegagerðarinnar. Síðan væri

einungis gert birgjamat m.t.t. umhverfismála fyrir þá birgja sem falla í flokk A og B.

Dæmi um viðmiðin fyrir flokkun birgja gætu verið á þessa leið:

- A birgjar; Vörur A birgja hafa umtalsverð áhrif á umhverfislega frammistöðu Vegagerðarinnar við eðlilegar rekstraraðstæður.
- B birgjar; Vörur B birgja geta haft umtalsverð áhrif á umhverfislega frammistöðu Vegagerðarinnar við óeðlilegar/ sjaldgæfar rekstraraðstæður sem kunna að koma upp hjá Vegagerðinni, svo sem við umhverfisslys af einhverjum ástæðum, bruna, óveður o.s.frv. (Það þyrfti að skilgreina hvaða aðstæður þetta eru hjá Vegagerðinni.)
- C birgjar; Vörur C birgja hafa ekki umtalsverð áhrif á umhverfislega frammistöðu Vegagerðarinnar.

Spurningar til birgja og einkunnargjöf (viðmið)

Afla má upplýsinga um frammistöðu birgja og verktaka m.t.t. umhverfismála með því að leggja fyrir þá nokkrar spurningar. Slíkar spurningar væru aðeins lagðar fyrir A og B birgja (sjá að ofan).

Dæmi um spurningar gætu verið:

- Hefur fyrirtækið vottað umhverfisstjórnunarkerfi?
- Spyrja má út í umhverfishæfni vöru sem keypt er inn t.d. hvort varan beri norræna svamerkið, energy star merkið o.s.frv. allt eftir því sem við á
- Heldur fyrirtækið grænt bókhald?
- Er umhverfisstefna til staðar? Mælanleg markmið og framkvæmdaáætlun?
- Hver eru megin umhverfisáhrif fyrirtækisins?
- Hvernig er fræðslu um umhverfismál háttað í fyrirtækinu?
- Gefa má hverri spurningu ákveðið vægi með stigum af 100 mögulegum. Skilgreina þarf þær kröfur sem gefa fullt hús stiga í hverri spurningu fyrir sig.

Einkunnagjöf fyrir hverja spurningu lýsir síðan vægi þeirra innbyrðis t.d. væri rétt að gefa fullt hús stiga ef fyrirtækið hefur vottað umhverfisstjórnunarkerfi eða ef það er að bjóða vöru sem hefur fengið viðurkennt umhverfismerki t.d. norræna svamerkið.

Með því að gefa birgjum og verktökum stig fyrir svör sín má gera matið mælanlegra og samanburðarhæft milli birgja og verktaka.

Notkun niðurstaðna úr birgjamati

Ákveða þarf á hvern hátt einkunn úr birgjamati hefur áhrif á val fyrirtækisins á birgjum. Hversu mikið vegur frammistaða birgjans í umhverfismálum miðað við frammistöðu hans varðandi tæknilega eiginleika, gæði, kostnað og áreiðanleika í afhendingu, viðhaldsþjónustu svo eitthvað sé nefnt.

Samantekt

Í dag er við gerð útboðsgagna hjá Vegagerðinni stuðst við ritið “Alútboð 95” og “Drög að leiðbeiningum og gátlistum um hönnun vega og brúa” Í þessum ritum er ekki fjallað um kröfur varðandi umhverfismál við vegarlagningu eða brúargerð. Þar er hins vegar vísað almennt til þess að verktakar uppfylli gildandi lög og reglugerðir. Hvergi er hins vegar til samantekt á þessum lögum og reglugerðum. Í þessu verkefni hefur verið leitast við að safna saman á einn stað upplýsingum um þessar innlendu lagalegu kröfur sem gerðar eru til vega- og brúarframkvæmda. Um er að ræða upplýsingar sem ekki hafa verið teknar saman áður fyrir slíkar framkvæmdir og hefur ekki verið fjallað heildstætt um við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna.

Í skýrslunni er listi yfir þau lög sem eiga við um starfsemi Vegagerðarinnar og verktaka á hennar vegum. Um er að ræða 17 lög. Einnig má finna lista yfir reglugerðir sem tengjast umhverfismálum og geta átt við um starfsemi Vegagerðarinnar. Um er að ræða 25 reglugerðir. Að lokum voru tilteknar tvær reglur sem snerta umhverfismál vegagerðar. Reglurnar eru settar af Vinnueftirlitinu. Allar kröfurnar voru greindar með tilliti til þess hvernig þær eiga við starfsemi Vegagerðarinnar og verktaka á hennar vegum. Kröfulistinn er uppfærður miðað við 1. janúar, 2004.

Á hinum Norðurlöndunum er nokkuð misjafnt hvaða leið Vegagerðirnar hafa valið til þess að koma þessum mikilvægu upplýsingum á framfæri við hönnuði, framkvæmda- og eftirlitsaðila.

Svíar hafa gefið út almennar leiðbeiningar um kröfur í umhverfismálum við gerð útboðsgagna. Einnig halda þeir námskeið fyrir starfsmenn verktaka. Kröfur sænsku Vegagerðarinnar eru almennt strangari en þarf samkvæmt sænskum lögum og reglugerðum. Vegagerðin í Noregi setur sérstakar umhverfiskröfur í útboðsgögn eftir eðli hvers verkefnis fyrir sig og kröfurnar geta verið mjög mismunandi eftir því um hvers konar verkefni er að ræða hverju sinni. Sama gildir í Danmörku þar sem leiðbeiningar og vinnulýsingar miðast við tegund framkvæmdar.

Í verkefninu er að lokum fjallað um það hvernig umhverfislegt mat á verktökum og birgjum getur verið hluti af verklagi við val á þeim.

Lokaorð

Þar sem margir koma að hönnun og ekki síst framkvæmdum og eftirliti vega- og brúarframkvæmda, er mikill fengur fyrir þessa aðila að hafa aðgengi að lista yfir lagalegar kröfur sem í gildi eru fyrir slíkar framkvæmdir á hverjum tíma.

Vegagerðin gæti viðhaldið kröfulista og haft hann aðgengilegan á heimasíðu sinni. Þannig gætu allir sem að vega- og brúarframkvæmdum koma séð á fljótlegan hátt hvaða kröfur gilda fyrir slíka starfsemi. Slíkur laga- og reglugerðarlisti er einnig mikilvægur þáttur í virkri umhverfisstjórnun hjá Vegagerðinni og hluti umhverfisstjórnunarkerfis t.d. skv. alþjóðlega staðlinum ISO 14001.

Auk þess gæti Vegagerðin útbúið leiðbeiningar um mikilvæga þætti sem hafa neikvæð áhrif á umhverfið. Nota má umfjöllun þessa verkefnis sem grunn fyrir slíkar leiðbeiningar.

Hvað varðar stærri framkvæmdir á vegum Vegagerðarinnar er einnig eðlilegt að skilgreina sérstaklega umhverfisstefnu fyrir þau verkefni og gera sérstakar kröfur til verktaka varðandi frammistöðu varðandi umhverfismál sem hluta af þeim kröfum sem almennt eru gerðar til gæða vinnunnar. Umhverfisleg gæði vinnunnar eru mjög mikilvæg þar sem unnið er úti í náttúrunni, sérstaklega á viðkvæmum svæðum.

Með því að gera kröfur til birgja og verktaka um ákveðna frammistöðu á sviði umhverfismála er umhverfisstefnu Vegagerðarinnar um að halda umhverfisáhrifum við vegagerð sem minnstum, hrundið í framkvæmd.

Heimildir

Lög er að finna á slóðinni: www.althingi.is

Reglugerðir er að finna á slóðinni: www.reglugerd.is

Einnig er hægt að nálgast lög og reglugerðir á slóðinni: www.rettarheimild.is

Viðauki

Greining á lögum, reglugerðum og reglum